



FRÉTTABLAÐ ÁSLANDSSKÓLIA



Flórgoðinn

Ávarp skólastjóra

Mikilvæg atriði

- Nýr skólastjóri Áslandsskóla er Leifur S. Garðarsson og tók hann til starfa þann 7. nóvember sl. Nýr aðstoðarskóla-stjóri verður Unnur Elfa Guðmundsdóttir. Hún kemur til starfa um áramót.
- Nýtt skipulag tekur gildi fyrir heilsdagsskólann eftir áramót. Börn sem eru þar fyrir þurfa að endurskrá sig fyrir jólafrí nemenda.
- Nýtt matartímabil að hefjast. Munið að skila inn pöntunum.

Í þessu blaði

Ávarp skólastjóra	1
Starfsmannahald í Áslandsskóla	2
Jóladagskráin í skólanum	2
Ýmislegt sem gerst hefur í haust	3
Breytingar á heilsdagsskólanum	4
Skólafærniámskeið fyrir foreldra	4
Nýtt matartímabil	4

Kjarni skólastarfs Áslandsskóla er og verður nám og kennsla. Til að það verði gert framúrskarandi vel þarf margt að koma til og allt skólasamfélagið að standa sameiginlega vörð um skólann okkar. Öllum þarf að líða vel, allir þurfa að finna fyrir öryggi auk þess sem gæða verður skólastarfið markvissum tilgangi. Innihaldsríkt skólastarf er forsenda allra mikilla verka.

Sameinuðu Þjóðirnar settu fram í mannréttindayfirlýsingu sinni: „*Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinga og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhegði. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúflokka*“. Stefna Áslandsskóla mun miðast að því að nemendur búi við almenn mannréttindi, öryggi og vinnufrið í skólanum.

Á undanförunum misserum hefur mikil vinna verið unnin við innra skipulag skólastarfsins. Upphaflega var ætlað að gefa út skólavísí samhliða vel sóttum skólafærniámskeiðum í nóvembermánuði en síðar var ákveðið að hafa vísinn efnis- og innihaldsmeiri og stefnt er að útgáfu hans í janúar n.k.

Endurskipulagning heilsdagsskóla hefur verið eitt af forgangsverkefnum og mun starfið þar taka breytingum á næstunni. Þá munum við taka upp nýtt innheimtakerfi sem ekki er ósvipað því sem við notum varðandi skólamáltíðirnar. Markmið með starfi heilsdagsskólans verða eftir

sem áður að leggja áherslu á umhyggju, öryggi og hlýju, útiveru og skapandi starf.

Fleiri verkefni mætti nefna s.s. skipulag og rekstur tómstundaskólans, endurskipulagningu morgunstunda sem eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu, búnaðarmál og starfslýsingar starfsfólks, stofnun nemendaverndar-, eineltis- og áfallaráða svo fátt eitt sé tiltekið. Mikil vinna hefur einnig verið lögð í úrvinnslu á greiningum og ráðgjöf í sérkennslu og mun vera það áfram. Hluti þessarar vinnu var komin á góðan rekspól þegar ég kom hér til starfa og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim Erlu Guðjónsdóttur og Vigfúsi Hallgrímssyni fyrir ómetanlegt starf þeirra í þágu Áslandsskóla. Hlutverk þeirra var ekki öfundsvert og ég fullyrði að fáir ef einhverjir hefðu gert það betur úr garði. Erla lét formlega af störfum þann 7. nóvember er ég kom til starfa en verður skól-anum samt sem áður innan handar vegna ýmissra innri mála. Vigfús sinnir starfi aðstoðarskólastjóra til áramóta er nýr aðstoðarskólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, hefur störf.

Jólahald í Áslandsskóla verður með fjölbreyttum hætti og hefur undirbúningur þess staðið með markvissum hætti undanfarnir misseri. Dagskrá jólahaldsins má finna í þessu fréttabréfi og vil ég leggja áherslu á að foreldra eru hjartanlega boðnir velkomnir á þær skemmtanir og uppákomur sem skólinn stendur fyrir í aðdraganda jólanna.

Nú fer senn í hönd hátíð ljóss og friðar. Væri heimsbyggðin skrásett í dag kæmi eflaust í ljós hversu margir það eru sem fara á mis við lífsins gæði og eiga hvergi höfði sínu að halla. Fólk í stríðshrjádum löndum þar sem óréttlæti og ofbeldi viðgengst og það sem við álitum sjálfsgöð lífsgæði fyrirfinnst varla. Jólin eru hátíð friðar og ófriður og ósamlyndi verður aldrei sárara en einmitt á þessum tíma árs. Sem betur fer eigum við flest góðar minningar sem vakna til lífs í skammdeginu og lýsa upp tilveruna, ljós sem bekkjarbræður og systur eða aðrir skólafélagar og vinir hafa kveikt með kærleiksríku viðmóti og góðum hug. Það er því mikilvægur en orð fá lýst að við látum friðarljós Drottins efla með okkur trú og bjartsýni. Að ljós hans gefi okkur kraft til að gera ríki hans að veruleika meðal manna.

Um leið og ég óska nemendum, fjölskyldum þeirra og starfsfólki Áslandsskóla og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar vil ég ljúka pistli mínum á orðum séra Matthíasar þegar hann fjallaði um jól bernsku sinnar.

Þessa hátíð gefur okkur Guð, Guð hann skapar allan lífsfögnuð
 Án hans gæsku aldrei sprytti rós,
 án hans náðar dæi sérhvert ljós.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri

Starfsmannahald í Áslandsskóla



Jólafrí hefst í Áslandsskóla að loknum jóla-skemmtunum þann 20. desember. Skóli hefst aftur mánudaginn 6. janúar samkvæmt stundaskrá. Föstudaginn 3. janúar verður heilsdagsskólinn þó opinn frá kl. 8-17.30 fyrir þau börn sem þar eru skráð. Foreldrar eru beðnir að láta vita fyrir jólafrí ætli þeir sér að nýta það.

Starfsmenn eru lykilatriði í góðri uppbyggingu skóla. Talsverðar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi Áslandsskóla og þá aðallega að starfsfólki hefur fjölgað.

Nýir stjórnendur eru þó mesta breytingin frá því sem áður var. Nýr skólastjóri, Leifur S. Garðarsson, er tekinn til starfa. Hann var áður aðstoðarskólastjóri í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Hann stundar jafnframt framhaldsnám í skólastjórnun við KHÍ. Nýr aðstoðarskóla kem-ur til starfa um áramót, Unnur Elfa Guðmundsdóttir, og Vigfús Hallgrímsson, sem starfað hefur sem aðstoðarskólastjóri frá því að Hafnarfjarðarbær tók yfir starfsemi skólans, lætur af störfum á sama tíma. Áður hafði Erla Guðjónsdóttir látið af störfum sem skólastjóri þó að hún sinni áfram sérverkefnum í skólanum.

Þeir sem starfa við kennslu í skólanum núna eru 26 auk skólastjórna. Af þeim eru 9 með full kennsluréttindi (35%) og aðrir 3 hafa lokið kennsluréttindanámi en vantar leyfisbréf (12%) og eru því um helm-

ingur kennara með full kennsluréttindi þó ekki séu þau formleg hjá þeim öllum enn þá. Aðrir hafa mikla menntun og margir leiðbeinenda eru með mikla háskóla-menntun. Fjórir leiðbeinenda skólans eru í fjarnámi í KHÍ til að öðlast kennsluréttindi. Fjórir nýir kennarar komu til starfa við skipulagsbreytingar í byrjun október eins og áður hefur verið getið. Einn kennari kom til starfa til viðbótar þann 1. nóvember, Svandís Leósdóttir, og sinnir hún forfallakennslu í skólanum sem stendur. Hún er boðin velkomin til starfa. Þrjú stuðningsfulltrúar starfa þá með kennurum meðan kennsla er á morgnana.

Aðrir starfsmenn eru tíu sem vinna á skrifstofu, við gangavörslu, í eldhúsi starfsmanna og eldhúsi nemenda. Einn starfsmaður kom eftir að Hafnarfjarðarbær tók við rekstrinum og er það Björk Bjarnadóttir sem starfar í eldhúsi nemenda. Hún er boðin velkomin til starfa. Þá starfar húsvörður, Bragi Þór

Leifsson, á vegum húseigenda. Ræsting skólans er keypt út og því starfar ekkert ræstingafólk á vegum skólans. Nákvæmur starfsmannalisti mun koma í Skólavísi.

Skólinn hefur auglýst eftir sérkennara og námsráðgjafa til starfa. Engir hafa enn þá verið ráðnir í þær stöður. Á meðan hefur skólinn fengið aðstoð frá Sigrúnu Löve sérkennara á eftirlaunum og Valdísi Magnúsdóttur talmeinafræðingi og sérkennara. Sömuleiðis hefur sálfræðingur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Anna Björnsdóttir, sinnt greiningum og ráðgjöf fyrir skólann í samræmi við skipurit Skólaskrifstofunnar. Sumir kennara skólans sinna einnig sérkennslu og handleiðslu við óreynda kennara og leiðbeinendur. Áfram er verið að meta þörf skólans fyrir stuðning og sérkennslu. Þess vegna geta enn orðið frekari breytingar á starfsmannahaldi í vetur.

Jól og jólaundirbúningur í Áslandsskóla - foreldrar velkomnir á allar samverustundir

Þriðjudagur 10. desember og miðvikudagur 11. desember

Nemendur útbúa jólastraut sem nemur 3 klukkustundum með umsjónarkennara, þ.e. nýttar eru 3 kennslustundir þegar umsjónarkennari er með sinn umsjónarþekk samtals þessa tvo daga.

Miðvikudagur 18. desember

Kl. 08:10-09:10 Allir nemendur safnast saman til morgunstundar sem verður í lengra lagi þennan daginn. Nemendur sýna kvikmyndir og leikrit sem þeir hafa útbúið.

Fimmtudagur 19. desember

1. – 4. bekkur

Nemendur mæta í skólann samkvæmt stundaskrá. Kl. 09:00 – 10:15 Nemendur sýna leikrit sín á sal skólans. Annars er hefðbundin stundaskrá með jólalegu ívafi.

Hádegisverður eins og vanalega.

5. – 8. bekkur

Nemendur mæta í skólann samkvæmt stundaskrá. Kl. 10:20 – 11:30 Nemendur sýna stuttmyndir sem þeir hafa útbúið á sal skólans. Annars er hefðbundin stundaskrá með jólalegu ívafi.

Hádegisverður eins og vanalega.

Föstudagur 20. desember 2002

- ENGINN HÁDEGISVERÐUR -

Hópur A

Kl. 9:00 – 10:00 Litlu-jólin á sal
Kl. 10:00 – 11:00 Stofujól
Hópur A (126): Fjallheimar, Jöklaheimar, Jarðheimar, Undraheimar, Dulheimar, Goðaheimar, Hetjuheimar og Garpheimar.

Heilsdagsskóli opinn frá 11:00 – foreldrar skrái börn fyrir 19. des.

Hópur B

kl. 10:15 – 11:15 Litlu jólin á sal
Kl. 11:15 – 12:15 Stofujól.
Hópur B (109): Ljósheimar, Skýjaheimar, Hnjúkaheimar, Tindaheimar, Ásheimar og Jötunheimar.
Heilsdagsskóli opinn frá 12:15 – foreldrar skrái börn fyrir 19. des.

Ýmislegt sem gerst hefur í haust

- Nemendur í Ásheimum (5. bekk) fengu á dögunum heimsókn frá félögum í Gídeonfélaginu á Íslandi. Nemendur fengu afhent Nýja-testamentið að gjöf.
- Síðustu vikurnar hafa ýmis ráð verið stofnuð í skólanum. Þessi ráð eru kennararáð, nemendaráð, nemendaverndarráð, eineltisráð og áfallaráð. Nánari kynning á þessum ráðum mun koma í Skóla-vísi Áslandsskóla.
- Það hefur þurft að yfirfara búnaðarmál í skólanum í haust við yfirtökuna. Þannig hefur þurft að lagfæra ýmis tæki og önnur hafa verið færð til í skólanum til að þau gætu nýst betur fyrir skólastarfið. Þessi vinna hefur verið tímafrek þó að útávið sjáist þessi vinna lítið.
- Sóknarprestur Ástjarnar-sóknar, sr. Carlos Ferrer, hefur fengið aðstöðu í skólanum tvo morgna í viku, mánudaga og miðvikudaga kl. 8-12. Það orsakast m.a. af því að söfnuðurinn hér hefur ekki komið upp eigin aðstöðu og eins hefur skólinn betri aðgang að þjónustu við prestinn, s.s. í eineltis- og áfallaráði skólans.
- Nú fyrir jólin hafa nemendur í yngstu bekkjum farið í heimsókn í Norræna húsið til að taka þátt í sýningu þar um jól á Norðurlöndum. Rúta skólans hefur verið nýtt til þessara ferða sem og annarra vettvangsferða á vegum skólans.
- Starfsemi fyrsta tímabils tótmundaskólans hefur gengið vel. Um helmingur nemenda skólans tóku þátt í einhverju námskeiði, sé aðstoð við heimanám talin með. Námskeiðunum lýkur 13. desember og taka ný námskeið við fljótlega eftir að kennsla hefst að loknu jólahefni. Þau verða þá auglýst nánar. Þó er rétt að taka fram að þeir nemendur sem ekki hafa greitt fyrir þátttöku í núverandi námskeiðum tótmunda-skólans komast ekki á námskeið eftir áramót fyrir en eldri skuld hefur verið greidd.
- Kennarar hafa verið að semja kennsluáætlanir um kennslu sína eftir að skipulagi skólans var breytt í október. Þeir hafa skilað þessum áætlunum til skólastjórnenda. Við tekur ritstjórn á áætlunum áður en þeim verður dreift til foreldra (námskrár einstakra árganga). Það verður væntanlega gert eftir áramótin.
- Skólastjórnendur hafa hitt foreldraráð skólans reglulega til upplýsingagjafar og skoðanaskipta.

Næstu þættir í skóladagatali Áslandsskóla:

- Samstarfsdagur kennara 3. janúar.
- Próf nemenda í kennslustundum í síðari hluta janúar og byrjun febrúar.
- Samstarfsdagur kennara 5. febrúar.
- Foreldraviðtöl verða 17. febrúar og námsmat afhent.

Fleira sem gerist/gerðist í desember

Fljótlega má búast við að nemendur verði bólusettir. fyrir heilahimnubólgu af C-stofni en bólusetningar gegn henni hafa verið í gangi í öðrum skólum Hafnarfjarðar í haust og gengið það vel að börn í Áslandsskóla fá einnig sprautuna fyrir jólafrí ef bóluefni verður komið aftur en það er uppið sem stendur. Ákveðið er að byrja á yngstu nemendum þar sem foreldrum gefst þá betra tóm til að vera stoð og styttu sinna barna meðan á bólusetningu stendur sé þess þörf. Lilja hjúkrunarfræðingur mun senda bréf heim með börnunum

fyrirfram þar sem gefnar verða nánari upp-lýsingar um málið.

Tannfræðingur verður í heimsókn hjá okkur föstudainn 13. desember og verður hann með fræðslu í 5. bekk (Ásheimar), 3. bekk (Hnjúka- og Tindaheimar) og 1. bekk (Skýja- og Ljósheimar).

Foreldrafundur var mánudaginn 9. desember með Stefáni Karli leikara um einelti. Hann tókst mjög vel og voru þátttakendur á fundinum rúmlega hundrað og hefðu gjarnan mátt vera fleiri.

Mánudaginn 9. desember fengu nemendur í Tinda- og Hnjúkaheimum (3. bekkur) heimsókn frá skákáhugafólki sem færði þeim gjöf. Þetta var kennslubók í skáklistinni, *Skák og mát*, sem Skákfélagið Hrókurinn gefur öllum 8 ára börnum á Íslandi. Þar sem börnin í Áslandsskóla voru fyrstu börnin í Hafnarfirði sem fengu bókina að gjöf kom Lúðvík Geirsson bæjarstjóri í Hafnarfirði í heimsókn í skólann og tók á móti gjöfinni með börnunum.



Bréf um nýtt skipulag heilsdagsskólann fylgir einnig fréttabréfinu.



Skólafærninámskeið Áslandsskóla

Dagana 14., 18. og 19. nóvember sl. kl. 18-21 fór fram skólafærninámskeið í Áslandsskóla á vegum foreldraráðsins, foreldrafélagsins og skólans. Markmið þess var að kynna foreldrum skólasterfið í einstökum árgöngum eftir breytingarnar, foreldrar hittu kennara barna sinna og skólinn kynnti almennt það starf sem fram færi í skólanum. Frá skólans hálfu var lögð áhersla á að kynna foreldrum þær skóla- og umgengisreglur sem gilda í skólanum. Skóla- og umgengisreglurnar voru afhentar foreldrum á námskeiðinu en verða einnig birtar í Skólavísi Áslandsskóla og hafa einnig verið kynntar nemendum. Á fundunum var sérstök fræðsla til foreldra um aga og uppeldi sem Valgerður Magnúsdóttir og Einar Gylfi Jónsson sálfræðingar önnuðust með fjárstuðningi foreldrafélagsins og foreldraráðsins. Þá var boðið upp á kvöldmat á námskeiðunum. Í lok námskeiðsins fengu foreldrar viðurkenningaskjöl fyrir þátttökuna sem börnin þeirra höfðu áður myndskreytt

Foreldraráð og foreldrafélagið eiga miklar þakkir skildar fyrir undirbúning sinn við námskeiðin, og kennarar sömuleiðis fyrir sitt framlag, sem þóttu takast ágætlega.

Kríuás 1

221 Hafnarfjörður

Sími: 585 4600

Fax: 585 4610

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.



Nemendur!

Munið að afhenda foreldrum ykkar þetta fréttabréf samdægurs.

Heilsdagsskóli breytist á nýju ári

Frá áramótum verða gerðar skipulagsbreytingar á heilsdags-skólanum sem stendur nemendum í 1. - 4. bekk til boða sem fyrr. Ný verðskrá verður tekin upp og breytt fyrirkomulag verður á nestismálum. Þá hættir gæsla frá kl. 7.30-8.00 á morgnana en í staðinn verður anddyri skólans opið á sama tíma og hleypt er fyrr í stofur líkt og öðrum nemendum skólans, þ.e. kl. 7.45-7.50. Helsta breytingin er sú að nemendur kaupa að lágmarki 1 kls. á dag alla vikudagana og mest 5 kls. á dag og aðeins og heilum kls. Foreldrar greiða fyrir heilsdags-skólann mánaðarlega í samræmi við pöntun sína og missa plássíð í næsta mánuði sé fyrri mánuður ógreiddur. Nánari kynning á heilsdags-skólanum með pöntunarblaði er sent heim með þessu fréttablaði. Vinsamlegast kynnið ykkur rækilega þessar breytingar.

Nýtt matartímabil á hefjast

Nýtt matartímabil hefst 16. desember og stendur til 7. febrúar 2003, eða alls í sex vikur. Matarpantanablað hefur þegar verið sent heim með nemendum og þarf að skila því inn til skólans í síðasta lagi fimmtudaginn 12. desember. Fyrirkomulag á matarpöntunum er eins og síðast, þ.e. foreldrar reikna sjálfir út pöntun, greiða hana í banka og afhenda skólanum pöntunina með staðfestingu á greiðslu.

Allar pantanir sem berast eftir að síðasta skiladegi lýkur verður skólinn að samþykkja og ef slíkt verður samþykkt þurfa foreldrar að greiða sérstakt aukagjald kr. 300 til skólans. Það er gert vegna aukins kostnaðar sem skólinn hefur af pöntunum sem berast eftir síðasta skiladag.

Sumir foreldrar eiga inneign hjá skólanum vegna ofgreiðslna á mat til fyrri rekstraraðila áður en Hafnarfjarðarbær tók við rekstrinum. Inneign foreldra hefur verið reiknuð út og var

send heim með nemendum sem um ræðir mánudaginn 9. desember.

Þeir foreldrar sem ekki nýta inneign sína til frekari matarkaupa geta fengið inneign sína endurgreidda og þurfa að skila aftur til skólans inneignarblaði sínu með upplýsingum um bankareikning og kennitölu til að leggja inneignina inn á. Ef foreldrar telja að einhver misbrestur sé á útreikningi inneignar eru þeir vinsamlegast beðnir að ræða við Vigfús aðstoðarskólástjóra fyrir jólafrí nemenda.

Flógoðinn

Fréttablað Áslandsskóla.

Ábyrgð: Leifur S. Garðarsson skólástj.
Ómerkt skrif, hönnun og umbrot: Vigfús Hallgrímsson aðstoðarskólástjóri (tímab.)